

Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 19. júní 2003

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd 19. júní 2003.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Farið var fram á Laxárdal og ástand gróðurs skoðað. Samþykkt var að leggja eftirfarandi tillögu fyrir bæjarstjórn Blönduóssbæjar varðandi upprekstur hrossa á Laxárdal:

Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar hefur ákveðið að leggja til að upprekstur hrossa á Laxárdal og Skraptunguafrétt verði nú í ár leyfður miðvikudaginn 2. júlí nk. Þá leggur landbúnaðarnefndin einnig til að talning hrossa fari fram þegar þau eru rekin á afrétt. Eru hrossaeigendur beðnir um að hafa samband við nefndarmenn og tilkynna með nægum fyrirvara hvenær upprekstur er fyrirhugaður. Óskað er eftir góðu samstarfi við hrossaeigendur við framkvæmd þessa.

Samþykkt var eftirfarandi tillaga:

Landbúnaðarnefnd skorar á bæjarstjórn Blönduóssbæjar að gerðar verði úrbætur og vegagirðingar lagaðar á vissum vegaköflum sem liggja að þjóðveginum í sveitarfélaginu. Með öllu er ótækt fyrir búfjáreigendur að nærliggjandi jarðir séu ekki með fjárheldar girðingar og búfé þeirra eigi því greiða leið á þjóðveginn.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert fundi slitið.

Jakobína Halldórsdóttir
Gauti Jónsson
Anna Margrét Jónsdóttir